

Fjölmiðlamælingar Creditinfo Ísland.


- Magn fréttu eykst verulega, miklar breytingar hjá fjölmiðlunum.

Frá árinu 2005 hefur magn innlendra fréttu í helstu fjölmiðlum aukist um tæplega þriðjung og vegar þar mest aukin útgáfa dagblaðaefnis. Þannig hefur Viðskiptablaðið aukið útgáfudaga sína úr tveimur dögum í fimm árið 2007, DV breyttist í helgarblað árið 2005 en fjölgaði aftur útgáfudögum árið 2006 og 24 Stundir (áður Blaðið) hefur aukið efni í sínu blaði verulega.

Hefur því magn fréttu aukist jafnt og þétt á ári, að undanskildu því ári sem DV varð að helgarblaði um tíma árið 2006. Meðaltalsfjöldi innlendra fréttu tímabilið janúar til júní 2008 er 10.693 fréttir á mánuði.

Í ljósvakamiðlum eru aðalfréttatímar mældir, þ.e. þrír hjá Fréttastofu Útvarps, tveir hjá Fréttastofu Sjónvarps og tveir hjá Stöð 2. Hlutdeild ljósvakaefnis mælist ár frá ári um 20% og dagblaðaefnis um 80%. Fyrstu 6 mánuði ársins 2008 mælist hlutdeild ljósvakafréttu 18% ljósvakafréttir og dagblaðaefnis 82%.

Þróun á magni frá árinu 2005: mynd sýnir fjölda fréttu/greina miðað við 6 mánaðar tímabil ár hvert.




Auk ofangreindra breytinga á útgáfum dagblaða breyttist nafn fréttastofu Stöðvar 2 um tíma í NFS, nýir framkvæmdastjórar voru ráðnir á alla fjölmiðla, nýir ritstjórar voru ráðnir á öll dagblöð, skipulagsbreytingar voru gerðar hjá Fréttastofum Útvarps og Sjónvarps og nýr fréttastjóri ráðinn á Stöð 2.

- Morgunblaðið enn með mestu hlutdeild dagblaða.

Morgunblaðið mælist sem fyrr með mestu hlutdeild dagblaða en minnkar þó nokkuð í hlutdeild samanborið við síðustu ár. Þannig er hlutdeild Morgunblaðsins nú 33% í samanburði við 37 – 40% árin 2005 – 2007. Fréttablaðið fer úr 32% hlutdeild árið 2007 í 30% nú en bæði Fréttablaðið og Morgunblaðið hafa minnkað magn innlendra fréttar frá því í fyrra.

Smærri dagblöðin auka hins vegar magn umfjöllunar og þar með hlutdeild sína í dagblöðum. Mest eykur 24 stundir við sína hlutdeild, fer úr 12% í 17% og sem dæmi um aukningu á efni í 24 stundum mælist það nú með 11.048 innlendar fréttir á tímabilinu janúar til júní 2008 en á sama tímabili á árinu 2006 mældust 7.160 innlendar fréttir í Blaðinu.

Þá eykur Viðskiptablaðið hlutdeild sína úr 7 í 8% á milli ára, hafði mælist í 4% – 5% þegar útgáfudagar voru aðeins tveir í viku. DV hefur sveiflast mest í hlutdeild á milli ára, stendur nú í 12% hlutdeild miðað við fimm útgáfudaga í viku.



- Fréttastofa Stöðvar 2 nær fyrri hlutdeild

Í ljósvakamiðlunum hefur þróun á hlutdeild stærstu fréttastofanna ekki breyst eins mikið á milli ára að því undanskildu að fréttir Stöðvar 2, með Markaðsfréttum innanborðs, mælast nú með sambærilega hlutdeild og fréttastofan var með undir heitinu NFS. Þannig hefur hlutdeild Stöðvar 2 aukist úr 32% árið 2007 í 37% árið 2008.

Fréttastofa Útvarps mælist sem fyrr með mestu hlutdeild en sú fréttastofa hefur á tilteknu tímabili ávallt mælist með flestar fréttir. Þannig mælist Fréttastofa Útvarps ekki með flestar fréttir vegna þess að þar eru mældir þrjú tímar, heldur mælist Fréttastofa Útvarps með flestar fréttir pr fréttatíma.

